

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og rotþróargjald í Stykkishólmsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Stykkishólmsbæjar og hreinsun rotþróa í Stykkishólmsbæ skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 181/2018 um fráveitur í Stykkishólmsbæ.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús	57.496 kr. á hvert hús
Fyrir fjölbýlishús	19.162 kr. á hverja íbúð
Fyrir annað húsnæði	44 kr. á hvern fermetra í húsnæðinu að 4.000 fermetrum. 22,55 kr. á hvern fermetra umfram 4.000 fermetrum.

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,18% af álagningarstofni íbúðarhúsnæðis og 0,21% af álagningastofni atvinnuhúsnæðis. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

Stærð í lítrum	kr.
0-2.000	7.960
2.001-4.000	9.988
4.001-6.000	11.370
6.001-8.000	14.053
8.001-10.000	18.581

Rotþró stærri 10.000 5.310 pr. Umfram rúmmetra

Verða miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.167

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar 12. desember 2019 staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi. Um leð fellur úr gjaldskrá nr. 1311/2018

Stykkishólmi, 16. desember 2019.



Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri